

**65. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 23. maí kl. 11:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ.**

**Mætt:** Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Ásgeir Eiríksson, Sigrún Árnadóttir, Magnús Stefánsson, Marta Jónsdóttir, Sigrún Elefsen, Brynhildur Kristjánsdóttir Eggert Sólberg Jónsson, Björk Guðjónsdóttir, Þuríður B. Aradóttir, Berglind Kristinsdóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Forföll boðaði Guðjón Skúlason.

#### **Dagskrá:**

1. Rökstuðningur Ferðamálastofu vegna framlags til Markaðsstofu Reykjanes, dags.16.05.2018.
2. Áfangastaðaáætlun Reykjanes.
3. Ársreikningur Markaðsstofu Reykjanes 2017.
4. Ferðamálaáætlun 2020-2025. Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Markaðsstofu Reykjanes.
5. Tölvupóstur dags. 15.05.2018 frá Íslandsstofu v. fjárfestingatækifæra í ferðaþjónustu.
6. Starfsmannamál.
7. Atvinnuleysistöflur
8. Önnur mál.

#### **1. Mál Rökstuðningur ferðamálastofu vegna framlags til Markaðsstofu Reykjanes**

Stjórn Heklunnar og Markaðsstofu Reykjanes telur framlag Ferðamálastofu til MR 2018 – 2020 óásættanlegt. Stjórnin tekur undir bókun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá fundi 731 um sama mál. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa stjórnarsýslukæru og óska eftir fundi með ráðherra ferðamála.

#### **2. Mál Áfangastaðaáætlun Reykjanes**

MR hefur sent fyrstu útgáfu af áfangastaðaáætlun Reykjanes til umsagnar.

#### **3. Mál Ársreikningur Markaðsstofu Reykjanes 2017**

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning MR. Reikningurinn samþykktur.

#### **4. Mál Ferðamálaáætlun 2020 – 2025. Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Markaðsstofu Reykjanes**

Forstöðumaður MR kynnti verkefnið sem var lagt fram til upplýsingar.

#### **5. Mál Fjárfestingartækifæri í ferðaþjónustu**

Lagt fram til upplýsingar.

#### **6. Mál Starfsmannamál**

Forstöðumaður MR fer í fæðingarorlof í júlí.

#### **7. Mál Atvinnuleysistöflur**

Framkvæmdastjóri fór yfir atvinnuleysistöflur. Atvinnuleysi á Suðurnesjum er 3% og hæst á landinu. Sagt var frá fundi með Vinnumálastofnun þar sem staðan var rædd.

## **8. Mál Önnur mál**

Minnisblað til þingmanna lagt fram v/málefni MR og endurskoðun samstarfssamnings við Íslandsstofu vegna breyttra forsenda fjármögnunnar til markaðsstofa landshlutanna.

*Fleira ekki gert og fundi slitið.*